

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Sjálfsmatsskýrsla

2017–2018

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Innra mat 2017-2018.....	5
2.1	Skólanámskrá og starfsmannahandbók	5
2.2	Nemendakönnun – dagskóli.....	5
2.3	Starfsmannakönnun	6
2.4	Umbótastarf vegna stefnumótunarvinnu 2016-2017	9
2.5	Jafningastuðningur	10
2.6	Viðhorfskönnun meðal útskriftarnema 3ja ára náms	12
2.7	Brottfall nemenda 3ja ára náms.....	13
2.8	Kynjahlutfall starfsmanna og laun.....	13
2.9	Menntun kennara – samantekt.....	13
2.10	Skólapúlsinn.....	14
2.11	Annað	15
3.	Skólaárið 2018-2019.....	17
4.	Heimildaskrá.....	18
5.	Fylgiskjöl	19
5.1	Fylgiskjal I – Verk- og tímaáætlun 2017-2018	19
5.2	Fylgiskjal II Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2017-2018).....	20
5.3	Fylgiskjal III – Spurningar í kennslukönnun dagskóla 2017-2018	22
5.4	Fylgiskjal IV – Nemendakönnun, heildarniðurstöður skólans	23
5.5	Fylgiskjal V – Spurningar í starfsmannakönnun haustið 2017.....	25
5.6	Fylgiskjal VI – Niðurstöður könnunar meðal starfsmanna haustið 2017	28
5.7	Fylgiskjal VII – Langtímaáætlun innra mats	51
5.8	Fylgiskjal VIII – Verkáætlun skólaársins 2018-2019.....	52
5.9	Fylgiskjal IX - Umbótaáætlun 2018-2019	53

1. Inngangur

Hér ber að líta sjálfsmatsskýrslu Verzlunarskóla Íslands fyrir skólaárið 2017-2018. Haustið 2015 hófu fyrstu nemendur skólans nám í nýju þriggja ára kerfi skólans. Vinna starfsmanna við þróun þess hefur verið fyrirferðarmikil undanfarin ár og ber faglegt samstarf starfsmanna og innra mat skólans keim af því. Hér á eftir eru helstu upplýsingar um það innra mat sem fram fór í skólanum skólaárið 2017–2018 auk þess sem fjallað er um framkvæmdaáætlun fyrir skólaárið 2018-2019.

Um Verzlunarskóla Íslands segir í Skólanámskrá skólans (Verzlunarskóli Íslands, 2016) að hann hafi verið stofnaður árið 1905 af Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og Kaupmannafélagi Reykjavíkur. Í fyrstu var skólanum ætlað að mennta og efla íslenska atvinnurekendur sem þá höfðu rutt sér til rúms í verslun og viðskiptum. Enn í dag leggur skólinn áherslu á að styrkja stöðu nemenda sinna í atvinnulífinu með því að tvíanna hagnýtar viðskiptagreinar saman við annað bóklegt nám. Skólinn hefur útskrifað stúdenta frá árinu 1945 og geta nemendur valið um fjórar bóknámsbrautir. Haustið 2015 byrjuðu allir nýnemar skólans á þriggja ára námi til stúdentsprófs, en fram að þeim tíma var skólinn fjögurra ára framhaldsskóli. Vorið 2018 útskrifuðust tveir árgangar samtímis, fyrsti árgangurinn í 3. ára námi og sá síðasti í 4. ára námsleiðinni.

Innritaðir nýnemar haustið 2017 voru 277 í 11 bekkjardeildir, einn bekkur á nýsköpunar- og listabraut, einn á alþjóðabraut, fimm á viðskiptabraut og fimm á náttúrufræðibraut. Fjöldi nemenda á 2. ári var 312, á 3. ári 257 og í 6. bekk 283. Samtals voru 1129 nemandi í upphafi annar 2017.

Nánar um nemendur er vísað í ársskýrslu skólans 2017. <https://www.verslo.is/skolinn/skyrslur-og-aaetlanir/rafraen-skjol>

Eins og undanfarin ár bauð skólinn upp á fjarnám á þremur önnum, vor, sumar og haust. Fjöldi ársnemenda á sumarönn 2017 var 53,7, á haustönn 2017 voru þeir 40,8 og 57,6 á vorönn 2018. Mæting nemenda í próf var að meðaltali ríflega 70%. Að öðru leyti er vísað í ársskýrslu fjarnáms 2017-2018. <https://www.verslo.is/fjarnam/um-fjarnam/arsskyrslur/>

Kennarar dagskólans á haustönn 2017 voru samtals 89 og fjölgaði um 5 frá haustinu 2016. Kynjaskipting var 60 konur á móti 29 körlum. Nær allir fastráðnir kennar voru með réttindi sem framhaldsskólakennarar. Aðrir starfsmenn voru samtals 26. Í yfirstjórn skólans voru fimm, en að auki eru fjórir starfsmenn á skrifstofu, þrír á bókasafni, þrír námsráðgjafar og sjö sem sinna kerfisstjórn, húsvörslu og dagræstingum. Skólinn rekur sjálfur mötuneyti starfsmanna og nemenda og var fjöldi starfsmanna í mötuneyti fimm.

2. Innra mat 2017-2018

Í gæðateymi Verzlunarskóla Íslands skólaárið 2017-2018 sátu átta starfsmenn hans. Tveir stjórnendur skólans, fjarnámsstjóri, skrifstofustjóri og fjórir kennarar. Formaður teymisins er úr röðum kennara. Gæðateymið hélt reglulega fundi eða 12 alls yfir skólaárið. Auk þeirra var unnið á sameiginlegu svæði í „skýinu“ og í gegnum tölvupósta. Formaður teymisins fékk úhlutað námsorlofi um áramót og var ákveðið að aðrir í teyminu myndu skipta með sér verkum í stað þess að velja nýjan formann.

Í **fylgiskjali I** er verkáætlun sem gæðateymi skólans vann eftir skólaárið 2017-2018. Öll sú áætlun stóðst fyrir utan að dagsetningar vinnudaga breyttust örlítið. Einnig bættust nokkur verkefni við verkefnalista teymisins. Hér verður sagt frá vinnunni og niðurstöðum þeirra kannana sem gerðar voru.

2.1 Skólanámskrá og starfsmannahandbók

Vorið 2017 var skólanámskráin yfirfarin skv. gátlista fyrir mat á skólanámskrá úr leiðbeiningabæklingi mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2016). Farið var yfir gátlista og kom í ljós að skólanámskrá uppfyllir nú öll þau atriði sem gátlistinn tiltekur, sjá má á **fylgiskjali II**. Starfsmannahandbók Verzlunarskólans var einnig uppfærð á haustmánuðum. Eintak bæði af skólanámskrá og starfsmannahandbók eru öllum aðgengileg í setustofu starfsmanna og á innra neti skólans. Hér eru hlekkir í [skólanámskrá 2017-2018](#) frá heimasíðu skólans en starfsmannahandbókin er ekki opinber í tölvutæku formi nema starfsmönnum skólans.

2.2 Nemendakönnun – dagskóli

Hin árlega nemendakönnun meðal dagskólanemenda fór fram í byrjun apríl 2018. Spurningarnar voru yfir farnar eftir ábendingar frá síðustu könnun auk þess sem könnunin var styttr litið eitt. Spurningalistar til nemenda úr *Leiðbeiningar um innra mat framhaldsskóla* (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2016) voru hafðir til viðmiðunar. Í þetta sinn voru nemendur ekki sendir í sérstaka tölvustofu heldur svaraði hver nemandi könnuninni í sinni heimastofu á ákveðnum tíma. Þátttaka var betri en í fyrra eða 80,8% þátttaka (73,8% í fyrra). Skýringin er að í ár fóru stjórnendur inn í kennslustundir og komu könnuninni af stað og gáfu nemendum tóm til þess að svara henni. Spurningar til nemenda um áfangana eru í **fylgiskjali III** hér aftast en heildarniðurstöður skólans eru í **fylgiskjali IV**.

Helstu niðurstöður könnunarinnar vorur kynntar á almennum starfsmannafundi og samantekt sett á setustofu starfsmanna þar sem allir höfðu aðgang að henni. Deildarstjórar fengu einnig sérstaka samantekt fyrir sína deild sem þeir áttu að ræða á deildarfundum.

Nokkuð hefur borið á athugasemdum um eftirfylgni með nemendakönnuninni síðustu ára, meðal annars í könnuninni sem fjallað er um í kafla 2.3. Því var ákveðið, að í stað þess að skólastjóri tæki einn viðtöl við alla kennara, að stjórnendur skiptu kennurum á milli sín eftir deildum og tækju einstaklingsviðtöl þar sem niðurstöður voru ræddar ítarlegar. Einnig var rætt almennt um líðan í vinnunni í viðtölunum. Stjórnendur fóru yfir niðurstöður viðtalanna og unnu úr því ábendingum sem fram komu og hægt var að bregðast við. Ekki er gerð hér sérstaklega grein fyrir einstaka tækifærum til úrbóta hvað kennslu varðar þar sem deildir og einstaka kennarar hafa það í sínum höndum að setja sér markmið og bæta það sem betur má fara.

2.3 Starfsmannakönnun

Haustið 2017 kom upp sú hugmynd að gæðateymi Verzlunarskólans myndi árlega kanna líðan og viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis á sambærilegan hátt og kannað er árlega viðhorf nemenda til námsins. Ákveðið var að sú könnun yrði gerð að fyrirmynd rannsóknar Guðrúnar Ragnarsdóttur á líðan framhaldsskólakennara frá árinu 2010. Kennarar Verzlunarskólans tóku þátt í þeirri könnun og þótti áhugavert að sjá hvort eitthvað hefði breyst síðan þá. Þó voru eingöngu teknar þær spurningar sem pössuðu fyrir alla starfsmenn skólans en ekki spurningar sem lutu beint að kennslu. Eftir að rannsóknin fór af stað kom fram gagnrýni á að auðvelt væri að rekja einstaka svar og fólk því hvatt til að sleppa spurningum um bakgrunn sinn sem nokkrir gerðu. Með fullu tilliti til þátttakenda var því hvorki fjallað um bakgrunnsupplýsingar né fundin fylgni með ákveðnum þáttum eins og áður hafði verið fyrirhugað. Hér á eftir er stutt umfjöllun um niðurstöður.

Gagnaöflun

Gagnaöflun fór fram dagana 22. nóvember til 5. desember. Öllum starfsmönnum skólans var send könnunin í gegnum tölvupóst þar sem þeir voru vinsamlega beðnir um að svara nokkrum spurningum varðandi líðan sína og viðhorf til starfsumhverfisins. Þeim var síðan tvisvar send ítrekun og bent á að hægt væri að sleppa ákveðnum spurningum. Tíminn var einnig framlengdur um 6 daga frá því sem upphaflega var hugsað. Aðgangur að könnuninni var sendur til 118 starfsmanna. 73 þátttakendur svöruðu, 54 kennarar og 19 aðrir starfsmenn eða rétt tæp 62%. Ekki svöruðu allir þátttakendur öllum spurningum eins og komið hefur fram. Könnunin fór fram í fyrirspurnarkerfinu Survey Monkey og var í formi 51 lokaðra spurninga þar sem svarmöguleikar voru fimm til sex á Likert -kvarða og einnig nokkrar já/nei spurningar. Þá var ein opin spurning í lokin þar sem þátttakendur gátu tjáð sig frjálst.

Könnunin skiptist í sjö meginflokka:

- bakgrunnsupplýsingar (sem var að miklu leyti sleppt),
- líðan á vinnustað,
- áreitni á vinnustað,
- starfsumhverfið,
- samskipti við stjórnendur og nemendur
- samskipti við samstarfsfólk
- Opin spurning: Er eitthvað sérstakt sem brennur á þér og þú vilt koma á framfæri?

Spurningar könnunarinnar er að sjá í **fylgiskjali V**. Hér að neðan verður greint frá helstu niðurstöðum.

Líðan

Níu starfsmönnum finnst starf sitt *fremur erfitt, erfitt eða mjög erfitt*. Fleirum finnst það andlega erfitt eða 34. Eingöngu tveimur finnst fremur erfitt að eiga samskipti við samstarfsfólk og tveir telja líkamlega líðan sína í vinnunni frekar lélega. Engum starfsmanni virðist líða mjög illa eða frekar illa andlega í vinnunni og heldur ekki félagslega. Þá segjast fjórir starfsmenn hafa tekið sér dagsleyfi frá vinnu til að ráða betur við starfstengda streitu. Ljóst er að nokkrum starfsmönnum finnst álag og streita fylgja starfinu. Því er ástæða til að huga að hvernig hægt sé að bæta líðan starfsmanna og draga úr álagstengdri steitu.

Áreitni á vinnustað

Fjórir af 69 þátttakendum telja sig hafa verið áreitta í vinnunni með einum eða öðrum hætti. Fimm af 68 segjast hafa orðið fyrir hótunum frá samstarfsmanni, nemanda eða öðrum einstaklingi. Þrír telja sig hafa orðið fyrir kynferðislegu áreitni bæði af samstarfsmanni og nemanda. Sex einstaklingar segjast hafa orðið fyrir einelti í vinnunni og í öllum tilfellum af samstarfsmanni. Helmingi fleiri, eða 12, hafa orðið var við einelti meðal annarra starfsmanna yfir mismunandi tímabil. Þessar niðurstöður kalla á að hugað verði að aðgerðum til umbóta.

Starfsumhverfið

Meiri hluti starfsmanna virðast vera ánægðir með starf sitt. Á skalanum 1-10 gefa 67 af 73 starfsmönnum starfsánægju sinni einkunnina 7-10. 56 af 73 gefa vinnuaðstöðu sinni sömu einkunn og 10 einstaklingar gefa vinnuaðstöðunni 5 eða lægra í einkunn. 23 af 72 starfsmönnum telja að kröfur vinnunnar stangist á við kröfur einkalífsins og 57 af 72 segjast vinna vinnutengd verkefni heima. 12 af 72 finna fyrir streitu við upphaf vinnudags og 51 finna fyrir álagi í vinnunni. Þá hafa 24 starfsmenn einhverjar áhyggjur af starfsöryggi sínu og 11 hafa mjög miklar áhyggjur. Sennileg skýring á því er að fækkun á nemendafjölda sem fylgir því að stytta skólann í 3 ár mun hafa töluverð áhrif á fjölda stöðugilda. Þetta verður að skoða betur og huga að aðgerðum til að aðstoða starfsmenn sem fækkunin mun hafa áhrif á.

Samskipti við stjórnendur og nemendur

71 af 73 starfsmönnum líkar vel við stjórnendur skólans en töluvert fleirum líkar ekki stjórnunarhættir stjórnenda eða 20 af 71. Átta starfsmenn segja að samskipti sín við stjórnendur skólans valdi sér einhverri streitu, mismikilli og 14 aðilar telja stjórnendur ekki sýna sér skilning þegar þeir þurfi að sinna einkamálum sínum. Þá eru töluvert margir, eða 53 af 71 sammála um að það vanti hrós frá stjórnendum. 24 starfsmenn telja ekki nægilegt svigrúm vera fyrir faglega samráðsfundi með samstarfsfólki og 13 telja sig ekki hafa næg tækifæri til að afla sér viðbótar- og endurmenntunar. Þá finnst 54 starfsmönnum þeir ekki hafi mikla möguleika á starfsframa í skólanum. 64 af 73 þátttakendum könnunarinnar hafa áhuga á að starfa áfram í skólanum næstu tvö árin ef þeir hafa kost á því og eingöngu 6 fylgjast eitthvað með atvinnuauðgýsingum með það að markmiði að skipta um starfsvettvang. Varðandi samskipti við nemendur þá finnst 5 starfsmönnum nemendur ekki koma fram við sig af virðingu en öllum finnst þeir komi fram við nemendur af virðingu. Þarna þarf að skoða frekar hvað það er í stjórnunarháttum stjórnenda sem fólki líkar ekki og þeir þurfa að taka sig á varðandi það að hrósa starfsmönnum. Þá þarf að auka möguleika á þverfaglegri samvinnu og skoða með hvaða hætti hægt væri að gefa fólki greiðari aðgang að endurmenntun. Yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna finnst þeir ekki eigi möguleika á starfsframa, að hluta til gæti þessi niðurstaða legið í eðli skipuritsins, yfirstjórn skólans er fámenn, en vert er að huga að því hvort og þá með hvaða hætti hægt er að auka þann möguleika.

Samskipti milli samstarfsmanna

Einn einstaklingur segist vera mjög einmana í vinnunni og 2 frekar einmana. 6 einstaklingar eru frekar ósammála, ósammála eða mjög ósammála því að þeir hafi næg tækifæri til að blanda geði við vinnufélagana. 71 af 72 eru frekar sammála, sammála eða mjög sammála því að það sé góður félagsandi á vinnustað sínum. 63 af 73 taka þátt í félagslífi starfsmanna og 59 telja að félagslífið í vinnunni skipti sig einhverju máli. Eingöngu þremur finnst vinnuandinn í skólanum ekki góður en öllu fleiri finnst vera rígur milli deilda eða 31 finna eitthvað fyrir því. Loks eru sjö sem finnst samskiptin í skólanum ekki vera til fyrirmyndar. Of mörgum finnst rígur vera á milli deilda og þar er tækifæri til umbóta. Nauðsynlegt er að auka skilning manna á störfum annara í skólanum og spurning með hvaða hætti best er að stuðla að því.

Opin spurning

14 starfsmenn svöruðu þessari spurningar og komu með ábendingar. Þrjú starfsmenn töldu ástæðu til að hrósa vinnustaðnum sínum og/eða stjórnendum. Fleiri komu með athugasemdir sem sjá má aftast í **fylgiskjali VI**. Sneru þær ýmist um samskiptahætti stjórnenda og starfsmanna og aðstöðu í skólanum. Nokkrir þeir þættir koma einnig fram í svörum í lokuðu spurningunni.

Samantekt/Tækifæri til umbóta

Hér hefur verið fjallað í stuttu máli um viðhorfskönnun meðal starfsmanna Verzlunarskóla Íslands sem fram fór haustið 2017. Það mun koma í hlut gæðateymis í samráði við skólastjórnendur að koma með tillögur að úrbótum í samræmi við niðurstöðurnar og er það á dagskrá fyrir skólaárið 2018-2019. Þessi samantekt var prentuð út og lögð á setustofu kennara. Einnig var hún vistuð á sameiginlegu svæði starfsmanna í svokölluðu „Skýi“. Loks voru niðurstöður könnunarinnar kynntar á starfsmannafundi.

2.4 Umbótastarf vegna stefnumótunarvinnu 2016-2017

Vorið 2016 var sett af stað stefnumótunarvinna fyrir Verzlunarskólann undir handleiðslu Capacent. Stuðst var við hugmyndafræði sem nefnd er *Design Thinking*. Í febrúar 2017 var kynnt framtíðarsýn skólans með stefnumarkandi áherslum til fimm ára, (sjá hér að neðan). Mánuði seinna eða í mars 2017 hófst vinna við innleiðingu. Myndaðir voru hópar sem funduðu reglulega á svokölluðum töflufundum.

Stefnumarkandi áherslur

FRAMTÍÐARIN
2022:
VERZLÓ MENNTAR &
EFLIR EINSTAKLINGA
SEM SKAPA
FRAMTÍÐINA

capacent

1) Framsæknir kennsluhættir og námsskipulag

Ví menntar einstaklinga með áherslu á gagnrýna, sjálfstæða og skapandi hugsun. Í náminu er lagt upp með þverfaglegt samstarf og hugsun með samspili viðskipta, vísinda og skapandi greina. Skólinn brýtur upp hefðbundið skólastarf með fljótandi stundatöflu, framsæknum kennsluaðferðum, sveigjanlegri notkun rýmis og tæknivæðingu.

2) Framúrskarandi aðhald og hvatning við nemendur

Ví tryggir eflingu sjálfstrausts og sjálfsmats með því að halda utan um hvern einasta nemanda. Lögð er rík áhersla á vellíðan nemenda og að komið sé til móts við ólíkar þarfir þeirra á námsferlinum. Nemendur eru studdir við að taka ábyrgð á eigin námi og að styðja hvern annan markvisst.

3) Sterk tenging við atvinnulíf og háskóla

Ví er í forystu varðandi tengingu við atvinnulíf og háskóla á Íslandi og alþjóðlega sem veitir skólanum og nemendum forskot yfir aðra skóla. Ví starfar náið með erlendum fyrirmyndarframhaldsskólum að þróunarstarfi, nemendaskiptum, endurmenntun ofl.

4) Stjórnun, starfsánægja og árangursmælingar til fyrirmyndar

Ví er með hæft, framsækið og ánægt starfsfólk. Lögð er áhersla á að skipulag, mannauðsmál og stjórnun sé til fyrirmyndar. Ví er í farabroddi í þverfaglegu samstarfi kennara, nemenda og atvinnulífs. Ví setur sér skýr og mælanleg markmið varðandi gæði náms, vellíðan nemenda og starfsfólks og árangur. Ví ber sig saman við fyrirmyndarframhaldsskóla erlendis.

Í fyrstu var áhersla lögð á að vinna með aðhald og hvatningu nemandans. Það koma skýrt í ljós í stefnumótunarferlinu að mikil áhersla allra var á að skólinn héldi enn betur utan um hvern og einn nemanda og að nemendum væri fylgt eftir út skólagönguna með mikilli hvatningu og aðhaldi. Haustið 2017 var farið af stað með nýtt fyrirkomulag fyrir nýnema hvað varðar umsjónarkennara og lífsleiknikennslu. Aukin áhersla er á persónuleg tengsl og aðhald hvers og eins. Nú fær hver nemandi sem hefur nám við skólann sinn umsjónarkennara, sem mun fylgja honum út skólagönguna. Þá var sú breyting gerð að námsráðgjafar fylgja árgangi í þrjú ár í stað þess sem áður var að námsráðgjafar skiptu árunum á milli sín.

Á haustönn 2017 var unnið með þróun kennsluhátta í skólanum. Þá voru vinnustofur meðal starfsmanna sem báru heitið „jafningjafræðsla og jafningjastuðningur“, sjá, kafla 2.5. Marmið með þeim voru að kennarar kynntu fyrir samkennum sínum þær kennsluaðferðir sem þeir notuðu. Þá var markmiðið með jafningjastuðningnum sá að kennarar pöruðu sig saman og heimsóttu síðan kennslustund hjá hvor öðrum og áttu svo samtál sín á milli um kennslustundirnar.

Þá var unnið með að finna leiðir til að auka alþjóðasamstarf skólans með það að markmiði að gefa sem flestum nemendum tækifæri á að taka þátt. Einnig var umbótateymi sett á laggirnar sem hafði það verkefni að kanna hvernig nota mætti betur húsnaði skólans með þarfir nemenda í huga. Umbótateymið heimsótti aðra skóla og kynnti sér aðstöðu þeirra. Þá höfðu áður nokkrir starfsmenn skólans heimsótt danska menntaskóla og voru með hugmyndir þaðan sem unnið var með. Húsgögn voru keypt á ganga skólans, borð og stólar, sem nýtast nemendum auk þess sem aðstaðan býður upp á að kennarar geti brotið upp kennslustundir og fært kennsluna fram á ganga skólans.

2.5 Jafningjastuðningur

Jafningjastuðningi var komið á laggirnar á haustönn. Jafningjastuðningurinn fólst í því að kennarar unnu saman í pörum og gafst tækifæri til þess að fylgjast hvor með öðrum í starfi. Markmiðið var að veita stuðning og endurgjöf, fá innblástur frá jafningja eða góðar hugmyndir. Öllum kennum stóð til boða að taka þátt. Kynning á verkefninu var haldin á starfsmannafundi í byrjun október og í lok annar (7. desember) var haldinn fundur til þess að meta hvernig gekk.

Allir sem mættir voru á fundinn voru beðnir um að skrá niður athugasemdir sínar um verkefnið og þær flokkaðar niður í 3 þemu:

- það sem vantar
- það sem betur hefði mátt fara
- það sem var gott.

Það sem vantar:

- Erfitt að finna tíma í töflu til þess að sinna verkefninu

- Gott hefði verið að hafa smá fréttáflutning af verkefninu á miðri leið
- Ýta meira á okkur?

Það sem betur hefði mátt fara:

- Tímasetning – verkefnið fór seint af stað á önninni, hefði verið betra að vita af því strax í upphafi annar svo gera hefði mátt ráð fyrir því í skipulagi.
- Mitt eigið skipulag og frestunarárátta kom mér í klandur
- Athugasemdir um pör og hvernig kennarar voru paraðir saman. Þ.e. hvernig var valið í pör og hvernig mætti gera það betur eða öðruvísi. Bent var á að gott hefði verið að mynda pör þvert á deildir.
- Gátlistar voru kennaramiðaðir
- Verkefnið skortir skýrari ramma og/eða markmið

Gott:

- Að sjá kennslustund út frá sjónarhóli nemandans var áhugavert. Hvað eru nemendur að gera í tímum?
- Skapar meiri samstöðu milli starfsmanna
- Skemmtilegt verkefni
- Það er hollt að fara í naflaskoðun, að sigrast á eigin óöryggi og hleypa öðrum inn í kennslustofuna sína
- Það var gagnlegt að fá „feedback“ á kennsluna. Hvað ég geri vel og hvað má betur fara.
- Kennari neyðist til þess að skipuleggja kennslustundina betur, t.d. hugsa betur út í hvað gæti klikkað og hvernig bregðast skyldi við.
- Ýtir undir dýpri kennslufræðilegar pælingar.
- Að velta fyrir sér hvernig við leggjum verkefni fyrir.
- Gott tækifæri til þess að deila hugmyndum, fá innblástur frá samkennurum, kostur að sjá hvað aðrir í sama fagi eru að gera
- Ég get tileinkað mér margt í kennslu viðkomandi kennara
- Þetta er gott tilefni til þess að auka fjölbreytni í kennsluaðferðum
- Mátulega vel var haldið utan um verkefnið
- Það er kostur að geta valið sér félag

Upp úr niðurstöðunum var unnin greinargerð um leiðir til úrbóta sem verða hafðar til hliðsjónar næst þegar boðið verður upp á jafningjastuðning. Ekki reyndist áhugi fyrir að halda áfram með stuðninginn á vorönn en stefnt er að því að jafningjastuðningur verði að jafnaði aðra önnina á hverju skólaári.

2.6 Viðhorfskönnun meðal útskriftarnema 3ja ára náms

Stytting námstíma til stúdentsprófs er einhver sú mesta breyting sem gerð hefur verið á íslensku framhaldsskólakerfi. Vorið 2018 útskrifaðist síðasti árgangurinn í fjögurra ára námi og sá fyrsti í þriggja ára námi. Hér var kjörið tækifæri á að gera samanburð á þessum tveimur hópum. Það var ljóst að ráðuneytið eða aðrir aðilar innan menntageirans höfðu ekki hug á að nýta tækifærið og gera úttekt á þriggja ára náminu nú þegar þessir tveir árgangar útskrifuðust á sama tíma. Það var því ákveðið að skólinn gerði það sjálfur. Þrátt fyrir að fylgst hafi verið vel með þróun námsins og reynt að lagfæra strax það sem mátti útfæra betur þá var mikill vilji meðal stjórnenda og kennara að gerð yrði ítarleg úttekt á náminu. Lagt var upp með að úttektinni kæmu fram viðhorf nemenda og kennara til hvorrar námsleiðar og að auki yrðu borin saman þekkingarviðmið útskriftarnemenda m.a. með samræmdu prófi. Úttektin skiptist í eftirfarandi þætti:

- „samræmd“ próf í stærðfræði og íslensku lögð fyrir báða hópa útskriftarnema
- samanburður á niðurstöðum sameiginlegra lokaprófa með báðum árgöngum
- spurningalisti lagður fyrir nemendur sem þreyttu prófin í stærðfræði og íslensku
- spurningalisti lagður fyrir 40 kennara sem kennt höfðu báðum hópum
- rýnihópaviðtöl við hóp kennara
- rýnihópaviðtöl við nemendur í þriggja ára námi og fjögurra ára námi.

Til að tryggja faglega og hlutlausa sýn á úttektina voru sérfræðingar frá fyrirtækinu Maskínu fengnir til aðstoðar. Helstu niðurstöður voru þær að:

- nemendur í þriggja ára náminu komu jafnvel eða betur út í þeim prófum sem lögð voru fyrir báða útskriftarárganga.
- nemendur í báðum hópum eru almennt mjög ánægðir með val sitt á skóla og líður vel í Verzló
- starfsmenn eru almennt ánægðir með námsframboð skólans og finnst að vel hafi til tekist að innleiða breytingar á námstíma til stúdentsprófs
- í langan tíma hefur borið á námsleiða hjá nemendum á síðasta ári í fjögurra ára námi, en ekki hefur orðið vart við það hjá 1. árgangnum í þriggja ára náminu
- misjafnar skoðanir eru á símati meðal kennara og nemenda
- símat getur haft neikvæð áhrif á félagslíf nemenda að þeirra mati
- álag á kennara hefur aukist, t.d. vegna sí mats. Álag á nemendur hefur aukist en þó segja nemendur það ekki neitt yfirþyrmandi, nema þá hjá þeim sem eru mikið í tómstundum samhliða námi og/eða í vinnu.
- kennsluhættir og námsmat hafa tekið breytingum í mörgum greinum en hvort ástæðan sé stytting námstímans eða eðlileg þróun í skólasterfi var ekki kannað sérstaklega

Niðurstöður úttektarinnar voru kynntar á starfsmannfundi auk þess sem skýrsla var unnin og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans; https://www.verslo.is/media/2017/3-ara-nam_skyrsla2018.pdf

2.7 Brottfall nemenda 3ja ára náms

Brottfall nemenda skólaárið 2017 – 2018 var ekkert. (Samkvæmt skilgreiningu Menntamálastofnunar á brottfalli). Enginn hætti námi á haustönn né vorönn nema að hann færi í annan skóla eða í fjarnám.

2.8 Kynjahlutfall starfsmanna og laun

Í jafnréttisáætlun skólans er m.a. kveðið á um að „Gæta þess að konur og karlar fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf“. Skólastjóri tók saman upplýsingar um grunnlaun og heildarlaun starfsmanna skólans fyrir októbermánuð. Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundi í nóvember.

Af niðurstöðunum að dæma var að engan óútskýrðan launamun að finna milli kynja og kennurum raðað eðlilega í launaflokka skv. kjarasamningi. Starfsmenn hafa aðgang að niðurstöðunum til frekari ígrundunar og samanburðar við eigin laun.

Í jafnréttisáætluninni segir einnig að „leitast skal við að jafna kynjahlutföll í þeim deildum þar sem hallar á annað kynið“. Þetta er ekki alltaf auðvelt, en horft til þessa þegar ráðið er inn nýtt fólk. Í töflunum hér að neðan er yfirlit yfir hlutföll kynja í einstökum deildum. Hér er ekki tekið tillit til stöðuhlutfalls heldur fjölda einstaklinga.

	dan	ens	ísl	íþr	lög	raun	sag	stæ	tön	við	3.mál	list.	samtals
kona	4	8	4	2	1	7	4	8	2	7	9	4	60
karl		1	3	1	1	6	5	3	3	4		1	28
samtals	4	9	7	3	2	13	9	11	5	11	9	5	88

	yfirstj	skrifst	húsv	tölvud	námsr	bókas	eldhús	ræsting	samtals
kona	3	5			3	3	5	3	22
karl	2		2	2					6
samtals	5	5	2	2	3	3	5	3	28

2.9 Menntun kennara – samantekt

Veturinn 2017 – 2018 eru 89 kennarar á launaskrá hjá skólanum. 67% konur og 33% karlar. Menntun þeirra skiptist eftirfarandi:

Doktorspróf	1
Meistarapróf	45
Cand.Oecon	3
BA/BS/B.ED	40

Vegna fjölgunar til skamms tíma var óvenjuhátt hlutfall kennara ekki með réttindi á síðasta skólaári eða 9 alls. Þar af voru 7 sem voru lausráðnir og gátu ekki vænst þess að fá fastráðningu þegar fækkaði í kennaraliðinu vegna styttingarinnar.

2.10 Skólapúlsinn

Skólinn tók þátt í könnuninni „Framahaldsskólapúlsinn 2017-2018“ og voru spurningar lagðar fyrir úrtak nemenda í nóvember 2018. Þetta var í fjórða sinn sem Verzlunarskólinn tók þátt en ákveðið var að taka þátt annað hvert ár. Síðast tók skólinn þátt 2015-2016. Farið var yfir helstu niðurstöður könnunarinnar á starfsmannafundi og eintak af skýrslunni sett á kennarastofu. Hér á eftir verður vikið að helstu niðurstöðum.

Námsumhverfi

Almennt virðast nemendur hafa jákvætt viðhorf til skólans og sýna skólanum merkjanlega meiri hollustu en gerist í samanburðarskólum. Hins vegar þegar kemur að samsömum við nemendahópinn segja um 10% nemenda að þeir séu ósammála þeirri fullyrðingu að þeim líði vel í skólanum og 8% segjast ekki eiga marga góða vini. Þetta er svipaðar niðurstöður og í könnuninni 2015-2016. Fleiri spurningar í könnuninni varðandi þennan matsþátt sýna að ætla má að um 100 nemendur skólans upplifi sig einmana með einhverjum hætti. Það er hugsunarefni og vert að leita leiða til þess að finna þessa nemendur og hjálpa þeim.

Það er einnig eftirtektarvert að nemendur upplifa minni stuðning frá kennurum en í samanburðarskólum. Munurinn er reyndar ekki marktækur en undanfarnar kannanir sýna sömu niðurstöður. Af þeim spurningum sem mynda þennan matsþátt, þá verður helst skilið að nemendur vilji gjarnan meiri aðstoð frá kennurum í tímum. Nemendur telja einnig að þeir fá ekki næga endurgjöf frá kennurum miðað við samanburðarskólana. 60% telja til að mynda kennara aldrei eða næstum aldrei ræða við þá um styrkleika sína og veikleika í náminu. Kennurum hefur verið bent á þessa staðreynd en ekki hafa verið mótaðar eiginlegar aðgerðir til þess að reyna að bæta úr þessu en hluti af þeirri stefnumótun sem nú stendur yfir er að skoða sérstaklega kennsluhætti og samskipti í kennslustofum.

Virkni í námi

Almennt sýna nemendur Verzlunarskólans meiri virkni í námi en samanburðarskólarnir. Hér er þó athyglisvert að sjá að 29% segjast ekki hafa áhuga á því sem þeir læra í skólanum. Þessa spurningu er vert að skoða í samhengi við árlega nemendakönnun sem lögð er fyrir í skólanum. Getur verið að þar sé að finna nánari skýringu, t.d. er varðar námsgögn eða kennsluhætti sem draga úr námsáhuga.

Líðan

Af könnuninni má ráða að nemendum skólans líði almennt vel. Þeir eru hamingjusamari en nemendur samanburðarskólanna og glíma við minni andlega vanlíðan. Þrátt fyrir að færri nemendur greinist með kvíða og þunglyndi frá síðustu könnun er það engu að síður áhyggjuefni að rétt um 10% nemenda eru haldin kvíða og um 5% nemenda glíma við þunglyndi af einhverju tagi.

Í opnu spurningunum, þar sem nemendur voru spurðir um hvort það sé eitthvað sérstakt sem gæti bætt líðan þeirra í skólanum voru eftirtalin atriði oftast nefnd: meiri fræðsla um þunglyndi og kvíða, betra aðgengi að sálfræðipjónustu, meiri vinnufriður í tímum og jafnari dreifingu á verkefnaálagi.

Hér á eftir er samantekt þeirra atriða sem gæðateymið telur að þarfnist úrbóta, markmið sem stefnt er að náist fyrir næstu könnun sem skólinn tekur þátt í og leiðir til að ná þeim markmiðum.

Þarfnast úrbóta	Markmið	Leiðir að markmiðum
